



# GeoCaching - Fjársjóðsleit með GPS tækjum

Andreas Ulovec

Íslensk þýðing: Ragnar Stefánsson

## 1 Inngangur

Margir nota GPS tæki til þess finna út eigin staðsetningu, eða til að finna leið milli tveggja punkta. Sífellt fleiri bílar eru útbúnir slíkum tækjum og stundum virðist sem enginn lesi kort eins í gamla daga. En þú notað GPS tækið þitt í ýmislegt fleira. Það hjálpar þér ekki einungis að finna leið til ákveðinnar borgar eða á næstu bensínstöð, heldur einnig að finna svokölluð „geocaches”. Hvað er geocache? Geocache er ílát (ásamt leiðarbók) af einhverri gerð (stærð þess getur verið lítil á við skrúfuhaus eða mjög stór á við fötu) sem einhver faldi og birti svo GPS hnit staðsetningar þess á vefsíðu. Verkefni þitt er þá að nota þessi hnit og GPS tækið þitt til þess að finna flátið og skrá svo fundinn bæði í leiðarbókina og stafrænt á vefsíðunni. Hljómar auðvelt, ekki satt? En oft er það ekki jafn auðvelt og þú gætir talið. Hér getur þú fundið út hvernig það virkar, hvað þú þarf og hvað það hefur að gera með stærðfræði.

## 2 GPS útskýrt


GPS (Global Positioning System / gervihnattaleiðsögukerfi) er byggt á þrívíðri rúmfraði og notar gervihnetti sem eru á braut um jörðu. Pessir gervihnettir eru í sífelli að senda út merki sem eru móttokin og túlkuð af GPS viðtæki (einnig oft kallað GPS tæki, eða einfaldlega - en ónákvæmara - GPS). Merkin innihalda staðsetningu gervihnattanna, tímann er merkið var sent og þar að auki upplýsingar um ástand gervihnattarins og hinna gervihnattanna. Með hjálp merkja frá gervihnöttum, sem eru venjulega að minnsta kosti fjórir, er hægt að reikna út staðsetningu GPS viðtækisins. Ef við sleppum villuleiðrétti (sem fela í sér frekar flókna reikninga) þá virka útreikningarnir á eftirfarandi hátt: Viðtækið reiknar út mismuninn milli tímans  $t_s$ , þegar merkið var sent af gervihnettum, og tímans  $t_r$ , þegar tækið tók á móti merkinu. Þar sem merkið ferðast með hraða ljóssins  $c$ , reiknast fjarlægðin  $d$  til gervihnattarins sem  $d = c \cdot (t_r - t_s)$ . Við vitum nú að við erum í fjarlægð  $d$  frá fyrsta gervihnettum (eða GPS tækið að minnsta kosti). Við vitum einnig staðsetningu gervihnattarins svo við þurfum aðeins að hugsa „hvert er mengi þeirra punkta sem hafa gefna fjarlægð frá kyrrstæðum punkti?” Í plani væri svarið „hringur” en þar sem við erum í þrívíðu rúmi er svarið „kúla” (nánar tiltekið „yfirborð kúlu”). Með einungis eitt gervihnattamerki myndum við því vita að við værum staðsett á yfirborði þessarar (sýndar) kúlu. Með merki annars gervihnattar getum við myndað aðra kúlu og vitum því að við erum á yfirborði þessara tveggja kúlna, þ.e. sniðmengi kúluyfirborðanna tveggja. Sniðmengi tveggja kúluyfirborða er hringur. Priðji gervihnötturinn gefur okkur enn aðra kúlu og sniðmengi þessara þriggja yfirborða er mengi tveggja punkta. Ef þessir tveir punktar eru langt í burtu frá hvor öðrum gæti verið að við værum komin með nægar upplýsingar þar sem við höfum vanalega aðrar upplýsingar til að ákveða hvor þessara tveggja punkta er í raun staðsetning okkar (t.d. veistu oftast hvort þú ert í Austurríki eða á Suðurpólnum). Aftur á móti geta þessir tveir punktar legið tiltölulega nálægt hver öðrum og það gæti verið gott að vita hvort þú ert nálægt hótelinu þínu eða átt eftir að ganga 20 km. Til þess að þetta gagnist okkur þurfum við því merki frá fjórða gervihnettum, sem gefur okkur nákvæmlega einn punkt (nefnum á ný að við sleppum því að taka tillit til villna og leiðrétti á þeim og höldum okkur við lýsingu á kjöraðstæðum)

### 2.1 Skorun þriggja hringja

Til að auðvelda skilningi á undistöðuatriðum GPS skoðum við (fræðilegt) tvívít dæmi og látum hringi skarast í stað kúlna í kvika rúmfraðiforritinu GeoGebru. Þetta dæmi er raun ekki al-




gjörlega fræðilegt, það hefur verið notað við að reikna út stefnur á yfirborði jarðar (fyrir stuttar vegalengdir, er jörðin nánast flötur) þar sem kyrrstæðir sendar voru notaðir í stað gervihnattanna í ferli sem kallast þríhliðamælingar (í gegnum söguna hafa mismunandi aðferðir verið notaðar til að reikna út stefnu. Ef þú hefur áhuga getur þú lesið meira um það í [1]). Ef við byrjum með eitt merki (segjum að sendirinn sé staðsettur í Passau), fáum við hring:




**Mynd 1:** Með einn sendi vitum við að við erum einhversstaðar á þessum hring

Með því að nota annan sendi (segjum að hann sé staðsettur í St. Pölten) fáum við:




**Mynd 2:** Með two senda koma aðeins tvær staðsetningar til greina

Við vitum nú að við erum annaðhvort nálægt austurríkska bænum Steyr eða nálægt landamærum Austurríkis og Tékklands. Til að fá nákvæmna staðsetningu þurfum við þriðja sendinn (látum hann vera í České Budějovice):



**Mynd 3:** Þrír sendar ákvarða nákvæma staðsetningu þína - ef allt væri eins og best yrði á kosið

Í þessu tilfelli vitum við nú að við erum örugglega nálægt austurrískra bænum Steyr. Nú er þetta að sjálfsögðu fræðilega fullkomnið tilvik: Villur í tímamælingum ofl. myndu í raunveruleikanum leiða til aðstæðna eins og þessara:



**Mynd 4:** Villur gera staðsetningu þína ekki jafn áreiðanlega

Svo í rauninni getum við ekki fundið nákvæma staðsetningu okkar, við fáum bara nálgun. Að hafa fleiri senda (það er, fleiri gervihnattamerki) myndi minnka skekkjumörkin en einhver ónákvæmni myndi ávallt verða eftir! Eftir því hvernig staðbundnar aðstæður eru, veðurskilyrði, fjöldi gervihnatta í sjónlinu þinni o.s.frv., getur munað miklu á nákvæmni GPS-ins. Undir staðalskilyrðum (opinn völlur, heiður himinn), getur þú staðsett þig með um 5 m nákvæmni. Ef þú ert inni í skógi eða milli hávaxinna bygginga, getur frávikið orðið 20 m eða meira.

*Verkefni:*



- [1] Notaðu táknbókni (CAS) til þess að reikna skurðmengi tveggja og þriggja hringja.
- [2] Notaðu annaðhvort niðurstöður verkefnis [1] eða GeoGebruskrána til að svara eftirfarandi spurningum: Ef sérhver þessara þriggja hringja hefur 200 km geisla (radíus), og skeikað getur um 0.01% í þeirra tölu, hve margir metrar getur frávik staðsetningaráinnar verið?

### 3 Finnum eitthvað!

#### 3.1 Hnitakerfi

Upphaflegt markmið okkar var að finna eitthvað sem einhver annar faldi og birti svo hnit felustaðarins á netinu. Ef við ætlum að tala um hnit þá verðum við fyrst að koma okkur saman um hvaða hnitakerfi við erum að nota. Í skóla erum við vön að nota aðallega Kartesarnit. Þau duga vel á flataryfirborði en eru ekki mjög gagnleg á yfirborði jarðar, sem er í raun yfirborð kúlu (jörðin er í raun það við köllum jarðvala/láflötur, sem er nokkurskonar „flött“ kúla). Í þessu tilfelli þurfum við að nota kúluhnit. Kúluhnitakerfi hefur hnitamiðju, sem allar fjarlægðir eru skilgreindar út frá, og tvö kyrrstæð plón. Út frá þeim eru mældar lengdar- og breiddargráður skilgreindar. Í GPS tækjum notar fólk venjulega WGS84 kerfið. Kyrrstæða hnitamiðjan er miðja jarðar; kyrrstæðu plónin eru planið gegnum miðbaug og plan gegnum „núll lengdarbauginn“ sem fer gegnum Greenwich á Bretlandi. Þá má lýsa hverjum punkti með tveimur (ef við viljum bara vita staðsetningu á yfirborði jarðar) eða þremur (ef við viljum einnig vita staðsetningar undir vatni eða í lofti) hnitud: Breiddargráðu, lengdargráðu og (hugsanlega) hæð (venjulega er hæðin notuð til að mæla fjarlægðina til miðju jarðar). Bæði breiddargráðurnar og lengdargráðurnar eru mældar af horni og eru venjulega gefnar í gráðum og mínumútur. Breiddargráður eru talðar norður og suður af miðbaug, lengdargráður vestur og austur af Greenwich lengdarbaugnum. Hefðbundin WGS84 staðsetning liti svona út: N 48° 12.507', E 16° 22.331'.

*Verkefni:*

- [3] Notaðu Google Maps eða Google Earth eða álíka verkfæri til þess að finna hvor staðsetning hnitanna hér að ofan er í raun og veru.
- [4] Finndu WGS84 hnit heimilis og skólans þíns.
- [5] Um hve marga metra breytist staðsetning þín ef þú breytir lengdargráðunni um 1°?


#### 3.2 Að túnka GPS gögn

Ef þú setur GPS viðtækið þitt upp þannig að það skrái niður slóð þína þegar þú leitar að geocache, þá færðu að venju langan lista af tölum. Til að túnka þessar tölur er gagnlegt að nota töflureikni, t.d. Excel. Í flugferðarkaflanum (Aviation) getur þú fundið út hvernig hægt er að vinna úr GPS gögnunum og einnig hvernig hægt er að útbúa myndrænar lýsingar á þeim. Hægt er að finna dæmi um hefðbundna geocaching ferð hérna (Excel tafla með gögnum) og hér (upprunaleg GPS gögn).

*Verkefni: (Notaðu gefnu gögnin eða þín eigin gögn í eftirfarandi verkefni)*


- [6] Hve langan tíma tók geocache ferðin?
- [7] Hver var heildarvegalengdin sem ferðast var?
- [8] Hver var meðalhraðinn?

Með því að nota sömu aðferðir og í flugferðarkaflanum getur þú búið til hraða-tíma-rit og hraða-fjarlægðar-rit:



### **Mynd 5:** Hraðarit geocache ferðarinnar

Á korti lítur ferðin svona út:



**Mynd 6:** Kort af geocache ferðinni

Verkefni: (Notaðu gefnu gögnin eða þín eigin GPS gögn í eftirfarandi verkefni)

- [9] Hver var fjarlægðin sem farin var með almenningssamgöngum? Hver var fjarlægðin sem farin var fótgangandi?



[10] Hvar á kortinu heldur þú að geocache-ið hafi verið (vísbending: það er hvorki við upphaf né endi appelsínugulu línumnar)?

[11] Ef þú hefðir hjólað með meðalhraðanum 20 km/klst hefðir þú þá verið fljótari? Hafðu í huga að þú kemst ekki hvert sem er á hjóli. Aðlagaðu gögnin í Google Earth til þess að finna út hvar hjól er nothæft og hvar ekki?

Auðvelt er að búa til fleiri spurningar sem svara má með því að nota GPS gögn. Hvaða gögn sem þú notar þá sérðu að stærðfræði er ekki bara skólagaf heldur nýtist hún í daglegu lífi.

## Heimildir

- [1] Taylor, E. G. R. *The haven-finding art; A History of Navigation from Odysseus to Captain Cook*, American Elsevier Publishing Company, New York, 1971
- [2] <http://www.gps.gov/systems/gps/> (14. október 2011)
- [3] WGS84 uppsetningarbæklingur (14. október 2011)
- [4] <http://www.geocaching.com> (14. október 2011)